

Aðalfundur Ský, 26.02.2026 – haldinn í höfuðstöðvum Ský, Engjateig 9.

Fundarstjóri: Arnheiður Guðmundsdóttir og María Dís Gunnarsdóttir

Ritari: Bragi Reynisson

1. Skýrsla stjórnar

- a. Fjöldi félaga hefur aukist á milli ára, félagsfólk aldrei verið fleira en í ár. Sérstaklega flott aukning í yngri aldurshópum.
- b. Aukning félagsmanna í öllum faghópum á árinu.
- c. 25 viðburðir haldnir á árinu 2025, vel sóttir.
- d. Kynjaskipting félaga, fyrirlesara og ráðstefnugesta góð.
- e. Starfsemi félagsins á góðu flugi og blómleg starfsemi.

2. Skýrslur nefnda og starfshópa.

- a. Farið yfir fjölda í hverjum hópi og starfsemi á árinu.

3. Tilnefning heiðursfélaga

- i. Engar tilnefningar í ár

4. Reikningar félagsins

- a. Arnheiður, framkvæmdastjóri félagsins fór yfir helstu tölur úr ársreikningi félagsins
- b. Reikningar félagsins samþykktir, engin atkvæði greidd á móti, samróma samþykkt.

5. Breytingar á félagssamþykktum

- a. Engar tillögur að lagabreytingum

6. Ákvörðun félagsgjalda

- a. Tillaga um hækkun félagsgjalda fyrir árið 2026: tæp 3% sem er minna en vísitöluhækkun.
 - i. Fyrsti félagi 40.000 kr. - Aðrir félagar frá fyrirtæki eftir það 10.000 kr.
 - ii. Einstaklingsaðild 10.000 kr.
 - iii. Aðilar utan vinnumarkaðar: Frítt (óbreytt)
 - iv. Breyting á verðskrá félagsins samþykkt á aðalfundi, öll atkvæði greidd með tillögunni.

7. Stjórnarkjör

- a. Þrjú sæti laus í aðalstjórn Ský en eftirtalin 4 eiga eitt ár eftir í stjórn:
 - i. Bragi Reynisson
 - ii. Dagný Edda Þórisdóttir, Samband íslenskra sveitarfélaga
 - iii. María Dís Gunnarsdóttir, OK
 - iv. Pétur Karl Ingólfsson, Reykjanes Tech
- b. Eftirtalin gáfu kost á sér í 3 sæti laus sæti í stjórn Ský til tveggja ára:
 - i. Eva Sigurbjörg Þorkelsdóttir, Fjármála- og efnahagsráðuneytið
 - ii. Ragnheiður Birna Björnsdóttir, Intellecta
 - iii. Helgi Skúli Friðriksson, Varist
- c. Einn gaf kost á sér til stjórnarformanns:
 - i. María Dís Gunnarsdóttir, OK

- d. Stjórn og stjórnarformaður eru sjálfkjörinn.
- 8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
 - a. Skoðunarmenn reikninga kosnir áfram óbreyttir
- 9. Faghópa og nefndakjör
 - a. Öll framboð til stjórna faghópa voru samþykkt
 - b. Fundargestum var boðið að bjóða sig fram í stjórnir faghópa og hvatt til framboðs í þá faghópa þar sem fáir sitja í stjórn.
 - c. Hægt að bæta við í stjórnir þeirra faghópa sem ekki eru fullskipaðir á starfsárinu.
- 10. Önnur mál
 - a. Fráfarandi úr aðalstjórn Ský þakkað:
 - i. Dagbjartur, Guðmundur og Kristjana Björk
 - b. Fram kom spurning hvort það ætti að íhuga að hafa ráðstefnuhluta UTmessunnar 2 daga viðburð og þá færri línur á hvorum degi og lengri fyrirlestrar. Stjórn Ský mun skoða málið.
 - c. Faghópar listu áhuga á að vera meira með í UTmessunni, t.d. huga hvort þemalínur ættu að endurspegla faghópana; faghópar séu minntir á í byrjun september að senda inn tillögur að fyrirlestrum og jafnvel vera sýnileg í sýningarbás Ský á UTmessunni og segja frá starfinu. Ákveðið að tala saman um þetta á stefnumótafundi í haust þar sem vetrardagskrá er raðað niður með stjórnnum faghópanna.
 - d. Spurt var um hvort stjórn Ský standi fyrir einhverjum viðburðum? Arnheiður sagði frá haustviðburði sem stjórn heldur næstum árlega; heitustu tölvumálin framundan. Einnig fór hún yfir starfsemi félagsins sem er víðtækari og margir viðburðir svo sem Stelpur og tækni með HR, sameiginleg vorráðstefna með Stjórnvísi og Mannuðsfólki og annað starf félagsins sem faghópar verða kannski minna varir við. Má skoða það að hafa þessa þætti sýnilegri félagsfólki Ský þar sem hádegisfundirnir eru mest áberandi en margir ekki meðvitaðir um annað fjölbreytt starf Ský.
 - e. Umræður um Töluvorðasafnið og ný hugtök sem búið er að bæta inn síðustu árin. Fundargestir hvattir til að aðstoða við að koma nýyrðum í notkun.

Fundi slitið formlega kl. 16:00